

FRÁSÖGN

af fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn 12. ágúst 2021.

Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Guðjón S. Brjánsson, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Henrik Old, formaður landsdeildar Færeyja, og Edva Jacobsen, varaformaður, Siverth K. Heilmann, formaður landsdeildar Grænlands, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Annika Mouritsen og Poulá Árnadóttir Lervig, starfsmenn færeysku landsdeildarinnar, og Elly Hauge Pedersen, starfsmaður grænlandsku landsdeildarinnar.

Meginefni fundarins var að undirbúa ársfund Vestnorræna ráðsins í Færeyjum 31. ágúst – 2. september. Forsætisnefnd ræddi fyrirkomulag ársfundar og drög að nýjum ályktunum og innri ákvörðunum sem lágu fyrir. Einnig fór forsætisnefnd yfir eldri ályktanir ráðsins og ákvað að leggja til við ársfund að ályktanir eldri en þriggja ára yrðu afskrifaðar. Í umræðum var ítrekað að með afskrift eldri ályktana væri ekki verið að gefa til kynna að málefnið sem slíkt væri ekki lengur talið mikilvægt. Yfirleitt hefði ályktunin náð fram að ganga en í þeim tilvikum þar sem ráðsmeðlimir teldu að ályktunum hefði ekki verið framfylgt með fullnægjandi hætti væri betra að endurskoða þær og leggja fram að nýju með breyttu sniði.

Formenn landsdeildanna sögðu stuttlega frá stöðu stjórn mála og heimsfaraldursins í löndum sínum. Henrik Old tilkynnti forsætisnefnd að í lok ársfundar myndi Edva Jacobsen taka við sem formaður færeysku landsdeildarinnar, í samræmi við samkomulag stjórn málaflokka á þingi.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is/.